

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar getraunir**  
**nr. 166/2016 með síðari breytingum.**

1. gr.

2. mgr. 27. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Þátttakandi ákveður hvaða verð hann greiðir fyrir þátttökuna, en lágmarksfjárhæð er 100 kr. og hámarksfjárhæð 12.000 kr. á sölustöðum en lágmarksfjárhæð er 200 kr. og hámarksfjárhæð 20.000 kr. á vef Íslenskra getrauna, nema þegar um kerfisseðil er að ræða en þar getur hámarksfjárhæð orðið 420.000 kr. Á leikspjaldi skulu einnig vera dálkar þar sem merkja skal við þá upphæð sem þátttakandinn velur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 2. gr. laga um getraunir nr. 59/1972, öðlast þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytinu, 25. júlí 2024.*

**Guðrún Hafsteinsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*

B-deild – Útgáfudagur: 9. ágúst 2024